

**Nd.** **331. Frumvarp til laga** [168. mál]  
um breyting á lögum nr. 46/1937, um samvinnufélög.

Flm.: Sigurður Magnússon, Gunnlaugur Finnsson.

**1. gr.**

1. töluliður 3. gr. laganna orðist svo:

Aðgangur frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum. Heimilt er þó fólki í ákveðinni starfsgrein að stofna framleiðslusamvinnufélag, sem hafi að markmiði að annast atvinnustarfsemi innan starfsgreinarinnar, og má þá setja það skilyrði, að félagið sé aðeins opið fólki úr viðkomandi starfsgrein.

**2. gr.**

Við 20. gr. laganna bætist:

Starfsmenn samvinnufélaga eru einnig kjörgengir, séu þeir félagsmenn.

### 3. gr.

Á eftir 26. gr. laganna komi ný grein, 27. gr., er orðist svo (og breytist töluröð annarra greina í samræmi við það):

Framleiðslusamvinnufélög greiða laun til starfsmanna sinna í samræmi við vinnuframlag hvers og eins. Laun skulu þó aldrei vera lakari en gildandi kjarasamningar viðkomandi verkalýðsfélaga við atvinnurekendur á svæðinu. Framleiðslusamvinnufélög skulu hafa nána samvinnu við viðkomandi verkalýðsfélög vegna kaupgjaldsmála og vinna að sameiginlegum hagsmunum verkafólks.

### 4. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Félögum, sem skrásett eru eftir lögum þessum, er einum heimilt að hafa orðin „kaupfélag“, „samvinnufélag“, „þöntunarfélag“, „framleiðslusamvinnufélag“ eða önnur orð, sem merkja samvinnufélag, í nafni sínu, eða skammstafanir úr þessum orðum.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Samvinnuhreyfingin á Íslandi er öflug, áhrif hennar á atvinnu- og efnahagslíf í landinu mikil, og hefur svo verið lengi. Uppbygging hennar og það eðli, að safna kröftum með átaki fjöldans, hefur reynst alþýðufólki haldbesta ráðið, auk skipulagðrar verkalýðsbaráttu, til að öðlast áhrif á uppbyggingu og þróun atvinnuvega landsins, — fyrr á tímum til að hrekja af höndum sér erlent einokunarvald og síðar til að draga úr valdi innlendrar eiginhagsmunastéttar.

Algengustu samvinnufélögin eru samvinnufélög bænda og neytenda, kaupfélögin úti á landsbyggðinni, sem er einkum ætlað það hlutverk að annast dreifingu og sölu á afurðum bænda og innkaup á vörum til framleiðslu þeirra, ásamt annarri verslunarstarfsemi. Þessi samvinnufélög hafa einnig víða komið á fót iðnaði til vinnslu úr hráefnum landbúnaðarins, ullar- og skinnaverksmiðjum, mjólkurvinnslu og fleira þess háttar. Auk þeirra eru fjölmenn og sterk samvinnufélög neytenda í bæjum, svo sem þöntunarfélög og verslunarsamvinnufélög, eins og Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, sem hafa að markmiði að útvega félagsmönnum ódýrar vörur til almennrar neyslu.

Sjaldgæft er hins vegar að stofnuð hafi verið sérstök samvinnufélög til þjónustu og framleiðslu í tiltekinni starfsgrein eða iðngrein, þótt ætla megi að samvinnufélagsformið henti þar ekki síður. Þó hefur á síðustu árum komið fram vaxandi áhugi á slíku samvinnuformi meðal tiltekinna starfshópa, — áhugi sem einkum er sprottinn af þeirri umræðu um atvinnulýðræði, sem verið hefur innan verkalýðshreyfingarinnar hin síðari ár.

Þannig hefur skotið upp kollinum ný tegund samvinnufélaga, sem nefnd hafa verið framleiðslusamvinnufélög, vegna þess að í þeim binst verkafólk samtökum um vinnu sína til framleiðslu og þjónustu. Félög þessi sameina fjármagn og vinnu og standa því nær því en nokkur önnur félög innan samvinnuhreyfingarinnar að geta framkvæmt fullkomið atvinnulýðræði. Hafa nú á nokkrum árum t. d. orðið til tvö framleiðslusamvinnufélög rafiðnaðarmanna, sem þegar eru orðin öflugustu rafverktakafélög í landinu, með hátt á annað hundrað rafiðnaðarmenn sem félagsmenn. Innan fleiri starfsgreina hafa slík framleiðslusamvinnufélög verið stofnuð, og annars staðar er mikill áhugi á slíkri félagsstofnun meðal verkafólks.

Hins vegar má ætla að samvinnulögin, sem nú eru orðin áratugagömul, séu nokkur þrándur í götu þessarar þróunar, þar sem þau gera ekki ráð fyrir slíkum félögum. Í núverandi samvinnulögum er það gert að skilyrði, að samvinnufélög

séu öllum opin, en vegna þessa hafa þau framleiðslusamvinnufélög, er stofnuð hafa verið, orðið að hafa með sér deildaskiptingu, þ. e. a. s. eina almenna deild, sem er öllum opin, og síðan sérdeild eða fagdeild, sem annast atvinnustarfsemi félagsins. Þetta fyrirkomulag er óhentugt og þungt í vöfum, enda í eðli sínu ekki samrýmanlegt markmiðum slikra framleiðslusamvinnufélaga.

Með lagabreytingu þessari er gert ráð fyrir að þetta skilyrði samvinnulaganna eigi ekki við um framleiðslusamvinnufélög og löggjafinn auðveldi með þeim hætti verkafólki í tilteknum starfsgreinum að stofna samvinnufélag um vinnu sína og hvetji til þeirrar þróunar sem þegar er hafin.

Í frumvarpinu er einnig vikið að samskiptum framleiðslusamvinnufélaga við verkalýðshreyfingu, en það þótti rétt þar sem engin ákvæði eru í núverandi vinnu-málaggjöf um atvinnurekstur af þessu tagi. Eðlis síns vegna hljóta framleiðslusamvinnufélög að skipa sér í sveit með verkalýðshreyfingunni, þar sem það er markmið beggja að auka hagsæld félaga sinna með aukinni hlutdeild í arði vinnunnar og áhrifum á vinnustað sinn, vinnutilhögun og umhverfi. Enda er reyndin sú í þeim framleiðslusamvinnufélögum, er stofnuð hafa verið, að félagsmenn þeirra og starfsmenn eru einnig meðlimir viðkomandi verkalýðsfélaga og félögin utan allra samtaka atvinnurekenda. Álit verkalýðshreyfingarinnar liggur einnig fyrir um þetta, en hún hefur talið að félög af þessu tagi eigi að vera utan við samtök atvinnurekenda. Í frumvarpinu er því kveðið á um náð samráð þessara aðila í kaupgjaldsmálum, en þarft væri síðar að skilgreina frekar samskiptareglur þessara aðila í vinnu-málaggjöf, eftir að frekari reynsla hefur fengist af starfsemi framleiðslusamvinnufélaga.

Um leið og lagt er til, að samvinnulögunum verði breytt til aðlögunar að hinu nýja samvinnufélagsformi, framleiðslusamvinnunni, er lögð til nokkur breyting á 20. gr. samvinnulaganna til að tryggja rétt starfsmanna samvinnufélaga til kjörgengis í trúnaðarstöður, svo sem félagsstjórn. Í eldri lögum er reyndar ekkert sem meinar starfsmönnum samvinnufélaga kjörgengi. en í samþykktum nokkurra samvinnufélaga eru ákvæði þessa efnis. Rétt er að ógilda þær samþykktir og koma þannig til móts við háværar kröfur samtaka samvinnustarfsmanna um aukinn rétt samvinnustarfsmanna á stjórn samvinnufélaga. Þegar hafa ýmis samvinnufélög fellt slíkar samþykktir brott úr lögum sínum, svo sem Kaupfélag Árneseinga, Kaupfélag Norður-Þingeyinga, Kaupfélag Vestmannaeyja, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, svo einhver séu nefnd. Ljóst er því, að þróunin er í þessa átt, með vaxandi umræðum samvinnustarfsmanna um aukin lýðræði og áhrif manna á daglega stjórnun og rekstur samvinnufélaganna. Og þótt þessi breyting nú tryggi á engan hátt fullkomið starfsmannalýðræði innan samvinnufélaga, er hún eðlilegt skref í þá átt, og ætla má að hún muni frekar hvetja til þróunar í átt til atvinnulýðræðis.